

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Vatnsendablettir 169, 209 (VLI) og 375. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 30. desember 2002 samþykkt tillögu að deiliskipulagi íbúðarbyggðar á Vatnsendabletti 169, 209 (VLI) og 375. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Vatnsendavegi í vestur og norður, fyrirhuguðum Elliðahvammssvegi í austur, leigulöndum við Vbl. 4 (Fögrubrekku), Vbl. 45 og lóð KEFAS í suður og suðvestur. Í tillögunni felst að á umræddu svæði verði heimilt að byggja 9 einbýlishús og 1 parhús ásamt 6 smáhýsum tengdum ferðapjónustu. Í tillögunni er gert ráð fyrir að ný byggð verði felld að núverandi íbúðarhúsi að Vbl. 169.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 20. janúar 2003.

Birgir H. Sigurðsson, skipulagsstjóri Kópavogs.